

**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS****2008/EES/46/17****frá 20. september 2005****um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki (\*)**

(2005/673/EB)

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki<sup>(1)</sup>, einkum b-lið 2. mgr. 4. gr.,*og að teknu tilliti til eftifarandi:*

- 1) Samkvæmt tilskipun 2000/53/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin taki afstöðu til notkunar á blýi, kvikasilfri, kadmíumi eða sexgildu krómi sem eru bönnuð skv. a-lið 2. mgr. 4. gr. þeirrar tilskipunar.
- 2) Eftir að hafa unnið tilskilið, tæknilegt og vísindalegt mat hefur framkvæmdastjórnin komist að niðurstöðu í nokkrum málum.
- 3) Ekki skal framlengja tilteknar undanþágur frá banninu vegna þess að nú er unnt að komast hjá notkun á blýi, kvikasilfri, kadmíumi eða sexgildu krómi.
- 4) Tiltekin smiðaefni og ihlutir, sem innihalda blý, kvikasilfur, kadmíum eða sexgilt króm, skulu undanþegin eða halda áfram að vera undanþegin banninu í a-lið 2. mgr. 4. gr. þar eð notkun þessara efna er enn óhjákvæmileg í þessum tilteknu smiðaefnum og ihlутum. Í sumum tilvikum er rétt að endurskoða hvaða dag undanþágurnar falla úr gildi til að fullvissa sig um að notkun bönnuðu efnanna verði áfram óhjákvæmileg.
- 5) Þegar um er að ræða ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihaldi, sem er allt að 1,5% miðað við þyngd og er lýst í a-lið 2. liðar í viðaukanum, mun framkvæmdastjórnin meta, fyrir 1. júlí 2007, hvort endurskoða þurfi hvaða dag undanþágan fellur úr gildi með tilliti til framboðs á staðgönguefnum fyrir blý.
- 6) Þegar um er að ræða blý í legubökkum og -föðringum, sem lýst er í 4. lið í viðaukanum, mun framkvæmdastjórnin meta, fyrir 1. júlí 2007, hvort endurskoða þurfi hvaða dag undanþágan fellur úr gildi til þess að tryggja að nýta megi blýlausla tækni í alla hreyfla og gíra þannig að það skaði ekki vinnslu þeirra.
- 7) Þegar um er að ræða notkun á sexgildu krómi í tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum, sem lýst er í b-lið 13. liðar í viðaukanum, mun framkvæmdastjórnin meta, fyrir 1. júlí 2007, hvort endurskoða þurfi hvaða dag undanþágan fellur úr gildi til þess að tryggja að tengingar mikilvægra, vélrænna hluta rofni ekki fyrir slysni á endingartíma ökutækisins.
- 8) Þegar um er að ræða notkun kadmíums í rafgeymum rafknúinna ökutækja, sem lýst er í 17. lið í viðaukanum, mun framkvæmdastjórnin meta, fyrir árslok 2007, hvort endurskoða þurfi hvaða dag undanþágan fellur úr gildi til þess að tryggja að staðgöngutækni sé tiltæk að því er varðar rafgeyma og rafknún ökutæki.
- 9) Því ber að breyta tilskipun 2000/53/EB til samræmis við þetta.

**SAMPÝKKT ÁKVÖRDUN PESSA:***1. gr.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 254, 30.9.2005, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2006 frá 28. apríl 2006 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 29.6.2006, bls. 12.

(<sup>1</sup>) Stjóð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/438/EB (Stjóð. ESB L 152, 15.6.2005, bls. 19).

Með fyrirvara um ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/438/EB (<sup>2</sup>) komi texti viðaukans við þessa ákvörðun í stað textans í II. viðauka við tilskipun 2000/53/EB.

(<sup>2</sup>) Stjóð. ESB L 152, 15.6.2005, bls. 19.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. júlí 2005.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2005.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. BECKETT

*forseti.*

---

## VIDAUKI

## „II. VIDAUKI

## Smíðaefni og íhlutir sem eru undanþegin a-lið 2. mgr. 4. gr.

Smíðaefni og íhlutir	Gildissvið og hvaða dag undanþágan fellur úr gildi	Skulu merkt eða auðkennd í samræmi við iv-lið b-liðar 2. mgr. 4. gr.
----------------------	--	--

*Bly sem hluti málblendis*

1. Stál, sem notað er til vinnslu, og galvanhúðað stál sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd		
2 a). Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihaldi sem er allt að 1,5% miðað við þyngd	1. júlí 2008	
2 b). Ál, sem notað er til vinnslu, með blýinnihaldi sem er allt að 0,4% miðað við þyngd		
3. Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi miðað við þyngd		
4. Legubakkar- og fôðringar	1. júlí 2008	

*Bly og blýsambond í íhlutum*

5. Rafgeymar		X
6. Titringsdeyfar		X
7 a). Súlfunarefni og stöðgarar í teygjuefnum í vökvameðhöndlunar- og afþrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd	1. júlí 2006	
7 b). Viðloðunarefni (bonding agent) fyrir teygjuefni í afþrásarbúnaði sem inniheldur allt að 0,5% af blýi miðað við þyngd		
8. Lóðmálmur í prentplötum og öðrum rafsbúnaði		X <sup>(1)</sup>
9. Kopar í núningsefni í hemilaborðum sem inniheldur meira en 0,4% af blýi miðað við þyngd	1. júlí 2007	X
10. Ventilsæti	Hreyflagerðir sem þróaðar voru fyrir 1. júlí 2003: 1. júlí 2007	
11. Rafmagnsíhlutir sem innihalda blý í uppistöðuefnasambondum glers eða keramíks, nema gler í perum og glerungur í kertum		X <sup>(2)</sup> (í íhluti aðra en þrýstirafíhluti í hreyflum)
12. Sprengihleðslur	Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. júlí 2006, og hleðslur sem varahlutir fyrir þessi ökuteki	

*Sexgilt króm*

13 a). Tæringarvarnarhúð	1. júlí 2007	
13 b). Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til festingar á hlutum í undirvögnum	1. júlí 2008	
14. Ísogskælar í húsbílum		X

*Kvikasilfur*

15. Úrhleðslulampar og skjáir í mælaborði		X
---	--	---

*Kadmíum*

16. Þykklagsmassi	1. júlí 2006	
-------------------	--------------	--

Rafgeymar fyrir rafknúin ökutæki	Eftir 31. desember 2008 er einungis heimilt að setja á markað nikel-/kadmíumraffgeyma sem varahluti í ökutæki sem sett voru á markað fyrir þann dag	X
Ljósfræðilegir íhlutir í uppistöðuefni úr gleri, notaðir í hjálparkerfum fyrir ökumenn.	1. júlí 2007	X
(i) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við 11. færslu. Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til verksmiðjuuppsetts rafeindabúnaðar.		
(ii) Sundurhlutun ef farið er yfir meðalviðmiðunarmörkin 60 grömm á ökutæki í tengslum við 8. færslu. Að því er varðar beitingu þessa ákvæðis skal aðeins taka tillit til verksmiðjuuppsetts rafeindabúnaðar.		
Athugasemdir:		
— Viðunandi hámarksstyrkur skal vera allt að 0,1%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir blý, sexgilt króm og kvikasilfur, og allt að 0,01%, miðað við þyngd og þegar um einsleitt efni er að ræða, fyrir kadmíum.		
— Endurnotkun ökutækjahluta, sem voru þegar á markaði er undanþága féll úr gildi, er heimil án takmarkana þar sem hún fellur ekki undir a-lið 2. mgr. 4. gr.“		